

Ásgeir Sigurgeirsson er að fara til Bandaríkjanna í fyrramálið, þar sem hann mun taka þátt í bæði Loftskammbyssu sem og Frjálsri skammbyssu (Free pistol), á heimsbikarmóti ISSF í Fort Benning. Hægt verður að fylgjast með framgangi mála á [heimasíðu mótsins hérna](#) . Ásgeir er þarna að keppa við þá bestu í þessum greinum og verður spennandi að sjá hvernig honum gengur í keppni við þá.